


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2		
BVHR3BV02 Hreyflar bilanir í vélbúnaði		
Námsáætlun haustönn 2019		

Kennari	Bragi Finnbogason	Sk.st.	BFI
----------------	-------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Fjallað er um bilanir og skemmdir sem orðið geta í hreyflum, kerfum og íhlutum þeirra og hvaða áhrif bilanir í þeim geta haft á aðra hluti í hreyflinum. Kannað er hvernig bilanir í hreyflum lýsa sér og hverjar geti verið ástæður þeirra. Æfingar í notkun prófunar- og mælitækja: Þjöppumæla, þrýstimæla, hitamæla, afganggreina, sveiflusjár og hlustunartækjum. Áhersla er lögð á greiningu bilana og rekstrartruflana sem verða skömmu eftir að viðgerð hefur farið fram.

Forkröfur **BVHR3EK05**

Markmið:

Þekkingarviðmið: Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

Bilunum og skemmdum sem orðið geta í hreyflum, kerfum og íhlutum þeirra og hvaða áhrif bilanir í þeim hafa á aðra hluti í hreyflinum. Hvernig bilanir í hreyflum lýsa sér og hverjar geti verið ástæður þeirra. Kerfum hreyfilsins og hvernig þau geta haft áhrif á vinnu og rekstraröryggi hreyfilsins. Prófunar- og mælitækjum: Þjöppumælum, þrýstimælum, hitamælum, afganggreinum, sveiflusjám og hlustunartækjum.

Leikniviðmið: Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:


Beita ýmsum aðferðum til að kanna ástand hreyfla. Greina bilanir og rekstrartruflanir sem geta orðið skömmu eftir að viðgerð hefur farið fram.

Hæfniviðmið: Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

Lýsa gerð og virkni vélbúnaðar brunahreyfla (ottó og dísil) og einstakra hluta þeirra. Lýsa hvernig greina má bilanir í vélbúnaði hreyfla og ástæður þeirra. Lýsa hvernig önnur kerfi hreyfilsins geta haft áhrif á vinnu og rekstraröryggi hreyfilsins.

Námsgögn:

Modern Automotive Technology 2. útg. 2014
Ritstjóri þýsku útgáfunnar er Rolf Gscheidle, Studiendirektor, Winnenden- Stuttgart.
Reglugerð um gerð og búnað ökutækja nr. 822/2004.
Námsefni og verkefni á Moodle.
Námsefni kennara.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2	BVHR3BV02 Hreyflar bilanir í vélbúnaði Námsáætlun haustönn 2019	

Matsform:	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
------------------	---	--	---------------------------------------

Áætlun um yfirferð:
Námsmat og vægi námsþátta:

Vika	Lesefni fjallar aðallega um.	Dagar	Síðasti skiladagur	Vægi
45	Fjallað er um bilanir og skemmdir sem orðið geta í hreyflum, kerfum og íhlutum þeirra og hvaða áhrif bilanir í þeim geta haft á aðra hluti í hreyflinum.	4-8 nóv.	Skriflegt verkefni	17%
45	Kannað er hvernig bilanir í hreyflum lýsa sér og hverjar geti verið ástæður þeirra.	4-8 nóv.	Skriflegt verkefni	17%
45	Æfingar í notkun prófunar- og mælitækja: þjöppumæla, þrýstimæla, hitamæla, afganggreina, sveiflusjár og hlustunartækjum.	4-8 nóv.	Verklegt verkefni mat á ástand gamals hreyfils. Gerð matsblaðs og skil mælinga niðurstaðna.	22%
45	Áhersla er lögð á greiningu bilana og rekstrartruflana sem verða skömmu eftir að viðgerð hefur farið fram.	4-8 nóv.	Skýrsla um vinnu nemanda í áfanganum	21%
45	Lesefni áfangans.	8 nóv.	Próf úr lesefni áfangans	23%
			Einkunn	100%

Til að ljúka áfanganum þarf nemandi að ná að lágmarki 40% árangri í hverjum námsþætti og heildar-einkunn 45% að lágmarki. Ef um upptöku vegna of lágrar einkunnar er að ræða verður einkunn þess námsþátta aldrei hærrí en 50% einkunnar þess matsþátta.

Ekki er tekið við verkefnum sem er skilað eftir að skilafresti lýkur.

Birt með fyrirvara um breytingar.

Dagsetning: 11.09.2019

13.09.2019
Undirritun kennara

Höndvörð
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils